

53. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 8.12. 2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig var Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins mættur til fundar í fjarfundarbúnaði undir 1. lið.

Í upphafi fundar óskaði Oddviti eftir breytingum á dagskrá og var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Reglur um umhverfisstyrki. Kristinn Bjarnason lögmaður með framsögu.
2. Fréttabréf Fljótshrepps.
3. Fundargerðir:
 - a. Fundargerð aðalfundar HAUST 2020
 - b. Fundargerð Almannaþingarnefndar Austurlands 9.11.2020
 - c. Fundargerð Almannaþingarnefndar Austurlands 23.11.2020
 - d. Fundargerð Almannaþingarnefndar Austurlands 30.11.2020
 - e. Fundargerð aðalfundar Samtaka Orkusveitarfélaga 2020
 - f. Fundargerð byggingarnefndar 27.11.2020
 - g. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 20.11.2020
 - h. Fundargerð 2. fundar stjórnar SSA haldinn 6.nóvember 2020
4. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.
 - a. Breytingar á stofnsamningi
 - b. Tilnefna fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns.
5. Skólaskrifstofa Austurlands
 - a. Ársreikningur. Kynntur
 - b. Samningur um myndun þjónustuvæðis
 - c. Samningur um Skólaskrifstofu
6. Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019
7. Sameiginleg tillaga 20 sveitarfélaga til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga
8. Fjármál:
 - a. Staða aðalsjóðs 9 mánaða uppgjör
 - b. Staða eignarsjóðs 9 mánaða uppgjör.
 - c. Tillögur nefnda á milli umræðna
 - d. Tillögur Gunnþórunnar Ingólfssdóttur á milli umræðna
 - e. Fjárhagsáætlun 2021 síðari umræða
 - f. Fjárhagsáætlun 2020-2024 síðari umræða

9. Tilnefning fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaga á Austurlandi.

10. Tryggingar Fljótsdalshrepps

11. Erindi sóknarnefndar 30.11.2020

12. Kostnaðaráætlun brunavarnar Fljótsdalsgrundar

13. Sögusvið Valþjófsstaða erindi frá Kirkjugarðasjóði um frestun verks.

14. Umhverfisstyrkir

15. Umsókn Harðar Guðmundssonar um styrk 1.11.2020

16. Brunastöð Végarði, endurnýjun

17. Skýrsla sveitarstjóra

18. Önnur mál:

1. Reglur um umhverfisstyrki. Kristinn Bjarnason lögmaður með framsögu. Kristinn fór yfir drög að nýjum reglum um umhverfisstyrki sem stefnt er á að taki gildi árið 2021. Umræður fóru fram um drögin og í framhaldinu var Kristni falið að vinna áfram að þeim.
2. Fréttabréf Fljótsdalshrepps. Fréttabréfið var lagt fram til kynningar og á það að hafa borist á öll heimili í sveitarfélaginu.

Sveitarstjóra og verkefnastjóra samfélagsnefndar þakkað fyrir góðar upplýsingar til íbúa. Gunnþórunn sagði að upplýsingar til íbúa frá Húsnefnd Végarðs sem birtust í fréttabréfinu, væri ekki að öllu leyti þær sem sendar voru inn til birtingar, verið væri að fara yfir það sem upp á vantaði og ræða hvernig þeim upplýsingum verði komið á framfæri við íbúa.

3. Fundargerðir:
 - a. Fundargerð aðalfundar HAUST 2020
Kynnt.
 - b. Fundargerð Almannavarnarnefndar Austurlands 9.11.2020
Kynnt.
 - c. Fundargerð Almannavarnarnefndar Austurlands 23.11.2020
Kynnt.
 - d. Fundargerð Almannavarnarnefndar Austurlands 30.11.2020
Kynnt.
 - e. Fundargerð aðalfundar Samtaka Orkusveitarfélaga 2020

Kynnt.

- f. Fundargerð byggingarnefndar 27.11.2020
Sveitarstjórn samþykkir lið 1. í fundargerð um veitingu byggingarleyfis á Litlu Grund.
Fundargerð að öðru leyti lögð fram til kynningar.
- g. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 20.11.2020
Kynnt.
- h. Fundargerð 2. fundar stjórnar SSA haldinn 6.nóvember 2020
Kynnt.

4. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.

- a. Breytingar á stofnsamningi
Kynntur var nýr stofnasamningur um Héraðsskjalasafn Austurlands. Samkvæmt honum á Fljótsdalshreppur 1 fulltrúa í stjórn safnsins.
- b. Tilnefna fulltrúa í stjórn Héraðsskjalasafns.
Samþykkt að Gunnþórunn Ingólfssdóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins í stjórn safnsins og Helgi Gíslason sem varamaður.

5. Skólaskrifstofa Austurlands

- a. Ársreikningur
Kynntur.
- b. Samningur um myndun þjónustusvæðis
Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn. Samningurinn tekur gildi 18.12 2020 og gildir til 31.12 2022
- c. Samningur um Skólaskrifstofu
Sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn.

6. Ársskýrsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2019

Kynnt.

7. Sameiginleg tillaga 20 sveitarfélaga, þar á meðal Fljótsdalshrepps til Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 18. desember 2020, hvetur til eflingar sveitarstjórnarstigsins með sameiningum og stækkun sveitarfélaga. Þingið ítrekar stuðning við flest meginatriði stefnumótandi áætlunar um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem Alþingi hefur samþykkt.

Landsþing minnir á mikilvæga liði í aðgerðaáætlun sem ekki er farið að vinna að, svo sem um styrkingu tekjustofna sveitarfélaga, tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni og fleiri mikilvæg atriði tillögunnar. Landsþing hafnar þó lögfestingu íbúalágmarks. Sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga og lýðræðislegan rétt íbúa sveitarfélaga ber að virða, óháð stærð þeirra.

Sveitarstjórn fagnar því að tillagan sé komin fram.

8. Fjármál:

- a. Staða aðalsjóðs 9 mánaða uppgjör
Kynnt.
- b. Staða eignarsjóðs 9 mánaða uppgjör
Kynnt.
- c. Tillögur nefnda á milli umræðna
Samþykkt tillaga frá Fjallskilanevnd vegna viðhalds rétta 2 milljónir og 1 milljón í endurbætur á aðhaldsgirðingum við Egilsstaði og Sturluflöt. Samþykkt að styrkja verkefni hjá Ferðamálanefnd um kr. 500.000.

Samþykkt að styrkja viðhald Valþjófsstaðakirkju um kr. 500.000,- árið 2021

- d. Tillögur Gunnþórunnar Ingólfssdóttur á milli umræðna
Samþykkt að setja 1 milljón í slóðagerð vegna smölunar í Kiðafelli. Samþykkt að færa 5 milljónir frá árinu 2020 yfir á árið 2021 vegna framkvæmda við brunavarnir í gistihúsinu Fljótsdalsgrund. Samþykkt að ferðaþjónustuaðilar í leiguhúsnæði sveitarfélagsins ,geti óskað eftir niðurfellingu leigugjalda fyrstu 6 mánuði ársins 2021 vegna Covid. Sveitarstjórn hafnar tillögu um að setja 40.000.000 kr. í skemmubyggingu með 4 atkvæðum gegn einu. Einnig hafnað að 10 millj, verði áætlaðar til ráðstöfunar í endurklæðningu heimreiða, í stað 5 millj.

Eftir umræður um fjárfestingar og gjaldfærslu, bar oddviti upp tillögu um að flytja áætlaða fjármuni til vega og fyrirhugaðra framkvæmdir vegna byggðarkjarna úr fjárfestingaráætlun yfir í rekstraráætlun. Sveitarstjóra falið að ræða þá ráðstöfun við endurskoðanda og bókhaldara sveitarfélagsins.

Vegir 30.000.000 kr., sveitarstjórn samþykkir það með 3 atkvæðum gegn 2 atkvæðum Gunnþórunnar og Eiríks sem leggja til að upphæðin verði 10.000.000 kr, þau telja að ólíklegt sé að þörf verði á meiri fjármunum í þennan lið árið 2021, undirbúningur vegframtækna sem um hefur verið rætt, eru á byrjunarstigi, ekki farið að ræða við Vegagerðina um mögulegan samning og ekkert í hendi um að af neinum framkvæmdum verði.

Framkvæmdir vegna verkefna við byggðarkjarna 50.000.000 kr.

Samþykkt

Hafnað tillögu Gunnþórunnar að þessi upphæð verði 30 millj, þar sem hún telur fyrir séð að hæpið sé að húsbýggingarframtækni hefjist á árinu 2021, þ.e. annað en undirbúningur, byrjunarframtækni við gatnagerð, lagning veitna, oþh.

Samþykktur að ónýttur styrkur 2020 vegna framkvæmda við sögusvæði Valþjófsstaðar verði fluttur yfir á árið 2021 kr. 4.600.000.

- e. Fjárhagsáætlun 2021 síðari umræða

-Sveitarstjórn samþykkir að útsvarsprósenta Fljótsdalshrepps verði 12,44%, sorpgjald og rotþróargjald verði óbreytt. Álagningarprósentur fasteignaskatts verði 0,40% A flokkur, 1,32% B flokkur og 1,65 % C flokkur.

-Samþykkt að reglur um niðurfellingu, eða styrki vegna fasteignaskatts verði óbreyttar 2021.

- Álagningar- og innheimtureglur vegna fasteigna- og þjónustugjalda 2021. Samþykkt að afslátt (skv. reglunum) til örorku-og ellilífeyrisþega sem rétt eiga, á niðurfellingu fasteignaskatts á samþykktu íbúðarhúsnæði sem viðkomandi býr í verði kr. 70.000,- . sama krónutala og árið 2020.

- Samþykkt að tekjuviðmið verði þau sömu og árið 2020, þannig að tekjumörk einstaklinga eru kr. 4.000.000,- og hjóna og samskattaðs sambýlisfólk eru kr. 5.500.000,- Fullur afsláttur er veittur upp að þeim tekjumörkum.

- Samþykkt að námsstyrkir til framhaldsskólanema 16-25 ára verði áfram veittir á árinu 2021 og verði kr. 125.000,- per önn. (Sama og 2020).

-Samþykkt að menntastyrkir verði veittir 2021 og verði kr.250.000,- , gildi sömu reglur og 2020.

-Samþykkt að frístundastyrkir fyrir hvern einstakling á aldrinum 6-18 ára verði í kr. 35.000,- 2021.

-Samþykktar óbreyttar reglur um styrki til sauðfjárkaupa.

- Samþykkt að styrkja á árinu 2021 sauðfjárnætur í Fljótsdal, sem láta bólusetja við garnaveiki, sem nemur kostnaði við lyf.

- Samþykkt að verktakataxti fyrir grenjaleit verði kr. 5000 á tímann.

- Reglur Fljótsdalshrepps um niðurgreiðslur vegna daggæslu barna í heimahúsum. Samþykktar óbreyttar.

-Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi. Samþykktar óbreyttar.

-Samþykkt að hækka launakjör sveitastjórnar og nefnda sem nemur hækkun launavísitölu frá júní 2018 til janúar 2021.

-Samþykkt að umhverfisstyrkir 2021 verði óbreyttir frá 2020.

Sveitarstjóra falið að leita álits endurskoðanda á drögum að fjárhagsáætlun 2021 og áætlunum 2022-2023.

9. Tilnefning fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaga á Austurlandi.

Sveitarstjórn samþykkir að Gunnþórunn Ingólfadóttir og Lárus Heiðarsson verði aðalfulltrúar og Jóhann F. Þórhallsson verði varamaður.

10. Tryggingar Fljótsdalshrepps

Sveitarstjórn fór yfir tryggingarmál sveitarfélagsins og í framhaldinu var sveitarstjóra falið að yfirfara eignalista sveitarfélagsins og leita tilboða tryggingarfélaga.

11. Erindi sóknarnefndar 30.11.2020

Erindið var afgreitt undir lið 8 c.

12. Kostnaðaráætlun brunavarnar Fljótsdalsgrundar

Lögð fram til kynningar. Sveitarstjóra og byggingarfulltrúa falið að í samráði við hlutaðeigandi aðila að finna hagkvæmustu og bestu lausn sem uppfyllir kröfu eldvarnareftirlitsins.

13. Söguvið Valbjófsstaða erindi frá Kirkjugarðasjóði um frestun verks

Sveitarstjórn harmar að verkið skyldi ekki klárast á árinu, en vill standa við loforð um styrk til verksins sem greiðist við framvísun reikninga og eftir framvindu verksins.

14. Umhverfisstyrkir

Glúmsstaðir 2, samþykktur hámarksstyrkur.

Klúka, samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis

Valbjófsstaður 2, samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

Hjarðarból, samþykktur hámarksstyrkur.

Hjarðarból, varðar umhverfisstyrk fyrir árið 2018 og ósk um framlengingu styrk .

Samþykkt að framlengja styrkinn um eitt ár.

Víðivellir Ytri 2, Sveitarstjórn var búin að samþykkja umhverfisstyrk á jörðina að hámarki

3.000.000 kr. í byrjun árs 2020 þ.e. áður en styrkupp hæðin var hækkuð í 5.000.000 kr..

Samþykkt að heildarupp hæð styrks á árinu til Víðivalla Ytri 2 verði 5.000.000 kr..

15. Umsókn Harðar Guðmundssonar um styrk 1.11.2020

Oddvita lagði fram eftirfarandi bókun fram á fundinum:

„Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps barst umsókn frá Herði Guðmundssyni dagsett 1. nóv. 2020 um styrk úr sveitarsjóði upp á 13.000.000 kr. þar á meðal kemur fram í umsókninni „Það sem þarf að gera er, Ná eignarhaldi á jörðinni og húsum. Lagfæra útihúsin og umhverfi. Byggja upp öflugan atvinnustarfsemi“. Erindið var tekið fyrir á sveitarstjórnar fundi þann 3. nóv. og eftirfarandi bókun gerð „Sveitarstjóra og oddvita falið að skoða málið með lögfræðingi sveitarfélagsins og gera málið klárt til afgreiðslu fyrir næsta sveitarstjórnarfund“. Sveitarstjóri óskaði eftir því við Hörð að hann legði fram fjárfestingar- og rekstraráætlun, einnig samning eigenda fasteignanna þeirra á milli, og að þessi gögn væru komin til sveitarstjóra fyrir 1. des. Munnlegt svar hefur borist frá Herði til sveitarstjóra um að þessi gögn væru ekki til staðar. Eftir að málið hefur verið skoðað og rætt við lögfræðing sveitarfélagsins þá legg ég til að erindinu verði hafnað“.

Tillagan borin upp og var samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1. Gunnþórunn gerði eftirfarandi bókun:

Ég greiði atkvæði með því að veita umsækjenda styrk til atvinnustarfsemi . Fyrirhuguð starfsemi er að mínu mati til þess fallin að efla atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu, eykur líkur á að skógarauðlindir á svæðinu verði nýttar og eykur jafnframt fjölbreytni atvinnumöguleika í sveitinni . Fljótsdalshreppur hefur áður veitt styrki til uppbyggingar á atvinnustarfsemi og fordæmi skapast hvað það varðar. Ég tel því að höfnun gangi gegn jafnræði sem eðlilegt er að sveitarstjórnir hafi að leiðarljósi í störfum sínum. Þá gagnrýni ég að umsækjenda hafi ekki , eins og hefð er fyrir verið boðið á fund sveitarstjórnar til að kynna umsókn sína og eiga samtál við sveitarstjórn um áformin og sveitarstjórn því ekki eins vel upplýst mögulegt var þegar ákvörðun um afgreiðslu umsóknarinnar er tekin. Þá gagnrýni ég einnig að oddviti hafi ekki , fyrir fundinn, upplýst sveitarstjórn um þá tillögu sem hann hugðist bera fram og kynnt henni álit lögfræðings sveitarfélagsins , sem fram kemur að hafi verið þáttur í niðurstöðu sem leiddi af sér tillögu hans um höfnun.

16. Brunastöð Végarði, endurnýjun

Sveitarstjórn samþykkir tilboð Öryggismiðstöðvarinnar um endurnýjun á brunastöð upp á krónur 188.000 kr..

17. Skýrsla sveitarstjóra

Vegurinn í Þorgerðarstaði. Verktaki hefur undirbyggt hann með burðarefni að mestu að Marklæk fyrir innan Arnaldsstaði. Í skoðun er hvort mætti færa vegin við Arnaldsstaðbæinn niður á túnin á kafla þar sem hann liggur meðfram hlíðinn. Vegagerðin hefur tekið hann út og samþykkt og fæst við það styrkur úr Styrkvegasjóði.

Símaendurvarpar fyrir Suður-og Norðurdal hafa verið teknir í notkun. Komið hefur í ljós að þeir virka ekki fyrir öll símkerfi og getur það tekið einhverjar daga að komast í lag fyrir alla.

Rafhleðslustöð við Végarð hefur verið tekin í notkun. Uppsetning hennar er styrkt af Orkusjóði

Undirstöður undir kyndistöð við Végarð hafa verið gerðar og tengingar klárar. Kyndistöðin á að koma til Reyðarfjarðar næstu helgi.

Framkvæmdaleyfi til skógræktar á Arnaldsstöðum hefur verið gefið út og einnig heimild til að nota íbúðarhúsið til slökkviliðsæfinga.

Oddviti og sveitarstjóri heimsóttu Björk í Klúku og þökkuðu henni farsæl störf fyrir sveitarfélagið sl. 16 ár. Voru henni við það fært sem þakklætisvottur hið fegursta teppi og skrautritað þakkarbréf. Þegar voru veitingar hjá húsfreyju og eru henni færðar bestu þakkir fyrir.

18. Önnur mál:

Gunnþórunn minnti á að samningar við Gunnarsstofnun og Óbyggðasetrið eru að renna út. Jóhann sagði að til stæði að fá þá á næsta sveitarstjórnarfund.

Yfirlit yfir hreindýraarð í sveitarfélaginu liggur frammi á skrifstofu sveitarstjóra til skoðunar. Heildargreiðsla til landeigenda í sveitarfélaginu var samtals 16.688.000 kr..

Fundi slitið klukkan 21:55
Lárus ritaði fundargerð í tölvu